


Skólavogin

Hafnarfjörður 2014-2015



Fræðsluráðskynning september 2015
GRUNNSKÓLAR



Vigfús Hallgrímsson
Próunarfulltrúi grunnskóla

Erindi



- I. Kynna ytra mat á skólastarfi sem verkefni sveitarfélaga á grunni innra mats skóla.
- II. Kynna Skólapúlsinn og Skólavogina sem verkfæri í innra og ytra mati.
- III. Kynna niðurstöður fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar skólaárið 2014-2015.

I. Ytra mat á skólastarfi sem verkefni sveitarfélaga.



- Matsfræðin (ytra mat, innra mat og sjálfsmat) sem aðskilin og ólík verkefni í matsstarfi en hafa þó sama hlutverk.
 - **35. gr. Markmið.**
Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:
 - a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
 - b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
 - c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
 - d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.
- Ytra mat á skólastarfi grunnskóla (til aðgreiningar frá innra mati) og er bæði verkefni sveitarfélaga og ríkisvalds.
- Ytra mat sveitarfélaga sérstaklega skilgreint í lögnum 2008 og mjög afmarkað í reglugerð.
- Sveitarfélög fara ólíkt í þessu verkefni enn sem komið er. Lágmark: Tölusöfnun fyrir Sambandið.

I. Ytra mat sveitarfélaga.



- Lög um grunnskóla (nr. 91/2008)
 - **37. gr. Ytra mat sveitarfélaga.**
[Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalands, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að taka við upplýsingum samkvæmt þessari grein.]¹⁾
Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.
- Reykjavík með eigið kerfi (heildarmat) – yfirfært á landsvísu hjá Menntamálastofnun. Sjá [Netlu](#).
- Hafnarfjörður nýtir Skólapúlsinn og útfærir á eigin hátt og sérstaklega bent á af [Skólavoginni](#) sem áhugaverð útfærsla.

Innra mat skóla



- Lög um grunnskóla (nr. 91/2008).
 - **36. gr. Innra mat.**
 - Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
 - Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.
- Innra mat skal vera lærdómsferli, verkfæri til að bæta starfsins og stuðla að skólaþróun.
- Í kjölfar innra mats kemur umbótaáætlun.
- Eftirfylgni skólayfirvalda.

Matsverkefni sveitarfélaga



- Ytra mat sveitarfélaga lagakrafa.
 - Upplýsingaöflun og -gjöf ([reglugerð 658/2009](#)).
 - **4. gr. Mat og eftirlit sveitarstjórna með skólastarfi.**
Skólanefnd skal í umboði sveitarstjórnar hafa eftirlit með því að skólastarf í grunnskólum samræmist lögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Við eftirlit skal stuðst við margs konar gögn, svo sem tölulegar upplýsingar, skólanámskrá, innra mat, starfsáætlun, skólastefnu sveitarfélagsins eftir því sem við á. Jafnframt skal skólanefnd sjá til þess að áætlanir um nauðsynlegar umbætur í kjölfar ytra mats séu gerðar og þeim fylgt eftir.
Komi fram vísbendingar um að grunnskóli fari ekki að lögum og sinni ekki lögbundum skyldum sínum skal skólanefnd ganga úr skugga um hvort rétt sé og sjá til þess að viðeigandi úrbætur séu gerðar sé þess þörf.
Sveitarstjórn skal, þegar eftir því er óskað, láta menntamálaráðuneytinu í té upplýsingar um eftirlit skólanefndar með skólahaldi.
 - Markmið matsins: Að auka gæði í skólastarfinu.

I. Skólapúlsinn og Skólavogin



- Skólapúlsinn verkfæri í „innra mati skóla“ og Skólavogin verkfæri í „ytra mati sveitarfélaga“.
- Hafnfirsk ákvörðun að allir grunnskólar nýti Skólapúlsinn sem verkfæri í innra mati (en mega einnig nota önnur verkfæri til viðbótar eins og hver vill).
- Skólapúlsinn er veftækt spurningakerfi sem kynnir niðurstöður í samanburði við alla skóla sem kaupa aðgang að kerfinu.
- Seld þjónusta til skólanna (Skólapúlsinn).
- Bærinn kaupir síðan sér úrvinnsla fyrir skóla bæjarins saman og heitir það þá SKÓLAVOGIN.
- Flestir skólar hættu þá að nota önnur stærri matsverkfæri þegar Skólapúlsinn kom.

I. Skólapúlsinn og Skólavogin.



- Allir grunnskólar bæjarins verið a.m.k. tvö skólaár í Skólapúlsinum.
- Skólapúlsinn er:
 - Nemendakönnun (40-60 nem. á mánuði).
 - Foreldrakönnun í febrúar (úrtak um 150 foreldra).
 - Starfsmannakönnun í mars (allir í skóla).
- Hver skóli fær niðurstöður síns skóla í samanburði við „sambærilega“ skóla á landinu.
- Sveitarfélagið fyrir hvern skóla og alla saman í samnburði við önnur sveitarfélög í Skólavoginni.

III. Niðurstöður grunnskólanna skólaárið 2014-2015.



- Samantektarskýrsla unnin fyrir grunnskóla eftir hvort skólaár. Skýrsla tvö kynnt í dag, sú fyrri kom fyrir ári síðan og var þá kynnt fyrir fræðsluráði.
- Niðurstöður eru birtar á stöðluðu formi (5 meðaltal frá 0-10) eða sem prósentur sem hafa enga stöðlun heldur eru meðaltal í útreikningum.
- Niðurstöður þessa árs einnig bornar saman við niðurstöður síðasta árs í skýrslunni núna.
- Skýrslan kynnir niðurstöður bæjarins í heild og hvers skóla fyrir sig eftir þeim. Samhæfð framsetning og reynt að gæta meðalhófs í mati á upplýsingum.
- Hér áfram almenn kynning á skýrslunni 2014-2015 en ekki um einstaka skóla (talið of viðamikið fyrir vikið).

Nemendakönnun



- Úrtak nemenda frá 6.-10. bekk.
- Spurningakönnun þar sem spurningar eru þemaðar.
- Þemun:
 - *Virkni*: Hfj. almennt við meðaltal Skólavogarinnar.
 - *Líðan*: Hfj. almennt við meðaltal Skólavogarinnar.
 - *Skóla- og bekkjarandi*: Hfj. almennt við meðaltal Skólavogarinnar en þó lægst varðandi „aga í kennslustundum“.
- Niðurstöður einstakra þátta ólíkar eftir skólum svo skoða verður hvern skóla til að sjá skólamun.

Foreldrakönnun



- Úrtak foreldra skólans.
- Spurningakönnun þar sem spurningar eru þemaðar.
- Þemu:
 - *Nám og kennsla*: Hfj. almennt við meðaltal Skólavogarinna.
 - *Velferð nemenda*: Hfj. almennt við meðaltal Skólavogarinna en úrvinnsla eineltismála mælist lægst.
 - *Aðstaða og þjónusta*: Hfj. að hluta við meðaltal Skólavogarinna og að hluta undir, m.a. mælist lágt fyrir aðstöðu í skólum.
 - *Foreldrasamstarf*: Hfj. almennt við meðaltal Skólavogarinna en lágt varðandi samstarf um ákvarðanir.
 - *Heimastuðningur*: Hfj. almennt við meðaltal Skólavogarinna.

Starfsmannakönnun



- Starfsmannakönnun nær til allra starfsmanna.
- Spurningakönnun þar sem spurningar eru þemaðar.
- Þemu:
 - *Allir starfsmenn*: Hfj. almennt við meðaltal Skólavogarinna en gagnsemi starfsmannaviðtala talin minni hjá okkur.
 - *Viðhorf til skólans*: Hfj. almennt við meðaltal Skólavogarinna nema vel undir varðandi starfsaðstöðu.
 - *Kennarastarfið*: Hfj. almennt við meðaltal Skólavogarinna nema ánægja með starf sitt undir meðaltalinu.
 - *Starfsumhverfi kennara*: Hfj. almennt neðar en meðaltal Skólavogarinna, s.s. stuðningur, valdreifing og vinnuaðstæður.
 - *Mat og endurgjöf*: Hfj. almennt við meðaltal Skólavogarinna.
 - *Símenntun*: Hfj. almennt með þátttöku meira en meðaltal Skólavogarinna í símenntun og óskum um símenntun sömuleiðis.

Úrvinnsla



- Skólar fá upplýsingar um sig og finna þætti sem ættu að leiða til umbótaverkefna.
- Skólaskrifstofan bætir við upplýsingagjöf og bendir líka á þætti sem skólar ættu að skoða.
- Skóli vinnur að úrbótaverkefnum í áætlanuferli og skilar (starfsáætlun skóla).
- Skólaskrifstofan fylgir eftir úrbótum.
- Eftirfylgni á árangri í gegnum Skólapúlsinn í komandi mælingum.

Hlutverk fræðsluráðs/„skólanefnda“



- **YTRA MAT SVEITARFÉLAGSINS:**
 - Að hafa yfirsýn yfir skólastarfið út frá sem raunhæfustum upplýsingum.
 - Að bregðast við vanda – ef hann er til staðar.
 - Að fá upplýsingar til að hjálpa til við ákvarðanatöku og stefnumótun, þ.e. að ýta undir skólapróun sem „aukin gæði“ í skólastarfi sveitarfélagsins.
 - Að framfylgja opinberri stefnu um framkvæmd grunnskólastarfs á hverjum tíma.

Samantekt



- Nemendur í Hfj. almennt með sjónarmið við meðaltal Skólavogarinnar og jákvæðar.
- Foreldrar í Hfj. almennt með sjónarmið við meðaltal Skólavogarinnar .
- Starfsfólk í Hfj. almennt með sjónarmið við meðaltal Skólavogarinnar og undir, sérstaklega í því sem snýr að starfsaðstæðum og vinnu-
aðstöðu óháð skólum.